

Þriðjudaginn 29. apríl 1980.

Nr. 55/1979. Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Jennýju Kristínu Grettisdóttur

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Manndráp. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms beindi ríkissaksóknari með bréfi 20. apríl 1979 eftirfarandi spurningu til Læknaráðs og óskaði umsagnar um hana:

„Fellst Læknaráð á niðurstöður álitsgerðar Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærðu Jennýjar Kristínar Grettisdóttur . . .?“.

Tillaga réttarmáladeildar um ályktun Læknaráðs, sem staðfest var 1. október 1979 sem álitsgerð og úrskurður Læknaráðs, er þessi:

„Læknaráð fellst á, að ákærða sé hvorki geðveik (psychotisk) né vanviti og því sakhæf“.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Atferli ákærðu varðar hana refsingu samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að 75. gr. sömu laga eigi við um ákvörðun á refsingu ákærðu svo og 8. og 9. tl. 1. mgr. 74. gr. þeirra. Ákærða beitti hættulegu vopni við framkvæmd brotsins.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár og 6 mánuðir. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, er ákærði sætti, svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 350.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur.

D ó m s o r ð :

, Ákærða, Jenný Kristín Grettisdóttir, sæti fangelsi 5 ár og 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar frá refsingu ákærðu svo og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 350.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 350.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar P. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel, að ákveða beri refsingu ákærðu 6 ára fangelsi.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 15. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Sverri Einarssyni og Haraldi Henryssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 471/1978: Ákærvaldið gegn Jennýju Kristínu Grettisdóttur, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 29. maí sl., gegn Jennýju Kristínu Grettisdóttur, Bræðraborgarstíg 15 hér í borg, fæddri 24. mars 1952 í Reykjavík,

„fyrir að hafa svipt fyrrverandi eiginmann sinn, Arelíus Viggósson, fæddan 2. október 1955, lífi með því, aðfaranótt sunnudagsins 19. febrúar 1978, er þau voru ein í íbúð, er ákærða hafði á leigu að Skólavörðustíg 21 A í Reykjavík, að stinga hann með eldhúshníf vinstra megin í brjóst stungu, er náði inn í hæggra

afturhólf hjarta, með þeim afleiðingum, að Arelíus lést röskri klukkustund síðar, skömmu eftir að hann hafði verið fluttur á sjúkrahús.

Verknaður ákærðu telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

1. Aðfaranótt sunnudagsins 19. febrúar sl., kl. 0131, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að slys hefði orðið á Skólavörðustíg 21 A. Lögregluþjónar fóru þegar á staðinn. Á efstu hæð hússins hittu þeir fyrir Stefaníu Helgu Skúladóttur og Olgeir Skúla Sverrisson, er tjáðu þeim, að kona, sem byggi í annarri íbúð á sömu hæð, hefði komið til þeirra og sagt þeim, að hún hefði stungið eiginmann sinn hnífi. Lögregluþjónarnir fóru í umrædda íbúð, og var þar ákærða Jenný Kristín, sem sagði þeim, að hún hefði veitt manni sínum, Arelíusi Viggóssyni, hnífstungu. Arelíus lá á gólfi í stofu í íbúðinni og var með nokkurri rænu, en átti þó erfitt um mál. Á brjósti hans var stungusár, er lítt hafði blætt úr. Í eldhúsvaski í íbúðinni var blóðugur hnifur, er lögregluþjónarnir tóku í sínar vörslur, en hnífi þessum kvaðst ákærða hafa beitt. Arelíus var fluttur svo fljótt sem unnt var í slysadeild Borgarspítalans, og kom hann þangað kl. 0145. Að lokinni athugun var hann fluttur í gjörgæsludeild, og þar var hann úrskurðaður látinn kl. 0243. Líkið var krufið 21. febrúar af Ólafi Bjarnasyni prófessor, og segir svo í niðurlagi skýrslu hans:

„Ályktun: Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, sem fannst við krufninguna, er ljóst, að manninum hefur verið ráðinn bani með hnífstungu í brjóst. Hefir stungan lent á milli 2. og 3. rífs rétt upp við brjóstbein og stefnan verið ofan frá og niður á við. Stungan hefir síðan gengið inn í gegnum ofanvert gollurshús og inn í hjartað í gegnum vegginn á hægri afturhólfi efst, rétt neðan við upptök lungnaslagæðarinnar út úr hjartanu. Frá stungunni hefir síðan blætt út í gollurshús og vinstra brjósthol.

Maðurinn hefir að líkindum verið ölvaður, er hann lést.“

Í blóðsýni, sem tekið var úr Arelíusi, reyndist 1.27% af alkóhóli og í þvagsýni 1.55% (Rannsóknastofa í lyfjafræði, Þorkell Jóhannesson).

Hnífur sá, sem lögregluþjónarnir lögðu hald á, er 21 sm að lengd, með 12 sm löngu blaði, oddmjóu, 15 mm á breidd, þar

sem það er breiðast. Á blaðinu var blóð og húðfita báðum megin allt að handfanginu.

Samkvæmt skýrslu um vettvangsrannsókn og myndum úr íbúð-inni voru blóðstrokur á tveimur stöðum á stofugólfinu. Á gólfinu fundust tvær skyrtutölur sams konar og í skyrtu Arelíusar, en í hana vantaði tvær tölur.

Í blóðsýni, sem ákærðu var tekið kl. 0230, reyndist 1.51% af alkóhóli (Rannsóknastofa í lyfjafræði).

Ákærða hefur við meðferð máls þessa lýst afdráttarlaust yfir því, að ákæran sé rétt. Hún hefur að öðru leyti lítt getað lýst atvikum og tekur bersýnilega mjög nærri sér að ræða þetta atvik. Hún hefur reynt að veita svör við spurningum, en jafnan bugast og brostið í grát og lítt orðið um svör. Hún hefur skírskotað til skýrslna þeirra, sem hún gaf við rannsókn málsins. Fyrst kom ákærða fyrir dóm síðdegis 19. febrúar og sagði þá, að hún teldi, að hún hefði lagt til Arelíusar með hnífi. Í þessu þinghaldi var ákærða úrskurðuð í gæsluvarðhald. Aftur kom hún fyrir dóm 22. mars, og þá kvaðst hún muna til þess, er hún var komin með hníf í höndina, enn fremur að Arelíus hefði snúið upp á hönd henni, og næst kvaðst hún muna, að skyrta hans var blóðug. Hún kvaðst ekki hafa ætlað sér að vinna Arelíusi mein, heldur hræða hann. Ákærða var leyst úr gæsluvarðhaldi í þessu þinghaldi.

Fyrir rannsóknarlögreglu hefur ákærða gefið ítarlegar skýrslur, og verður efni skýrslna hennar lýst hér á eftir.

2. Ákærða er fædd í Reykjavík og ólst upp hjá móður sinni og stjúpforeldrum. Hún lauk gagnfræðaprófi og stundaði síðan ýmis störf. 19 ára gömul tók hún upp sambúð við mann og eignaðist með honum son 8. febrúar 1973. Sambúðinni lauk á árinu 1974, og sama ár fór ákærða til Skagastrandar og fékk sér þar vinnu. Þar kynntist hún Arelíusi Viggóssyni, en hann var fæddur 2. október 1955 og átti heimili hjá foreldrum sínum á Skagaströnd. Þau ákærða og Arelíus fluttust brátt til Reykjavíkur og hófu sambúð. Höfðu þau íbúð á Ránargötu 32 þennan vetur. Sumarið 1975 voru þau saman norður í Langadal, þar sem Arelíus var í vegavinnu, en síðsumars fóru þau suður til Reykjavíkur og bjuggu næsta vetur í Blönduhlíð 24. Hinn 6. desember 1975 eignuðust þau son, sem skírður var Ari. Sambúð þeirra virðist hafa gengið allskrykkjótt og ákærða nokkrum sinnum farið frá Arelíusi, en síðan tekið saman við hann aftur. Á árinu 1976 slitu þau samvistir, og Arelíus fór utan, en ákærða fékk sér íbúð í Hraun-

bæ 124. Eftir að Arelíus kom út aftur, settist hann að hjá ákærðu í Hraunbæ, og 26. mars 1977 gengu þau í hjónaband. Eigi varð það þó langætt, og sumarið 1977 voru þau enn skilin að samvistum og sóttu um skilnað að borði og sæng. Það mál var fyrst tekið fyrir 22. júlí. Kröfðust bæði forræðis sonar þeirra, en fengu frest til þess að reyna að koma sér saman um það atriði. Það tókst þó ekki, og við næstu fyrirtöku hjónaskilnaðarmálsins, 29. ágúst, var ákveðið að vísa ágreiningsefni þessu til dómsmálaráðuneytisins. Samkvæmt skýrslu ákærðu hafði hún drenginn hjá sér, meðan þessu fór fram, en Arelíus náði honum svo af henni gegn vilja hennar og hafði hann á sínum vegum allt haustið. Hinn 19. desember veitti dómsmálaráðuneytið þeim skilnað að borði og sæng og ákvað, að ákærða hefði forræði barnsins, og var það síðan hjá henni.

Ákærða hafði síðsumars 1977 kynnst Yngva Erni Stefánssyni símverkja af Dalvík, sem vann þá á Akureyri, en kom oft suður í sambandi við starf sitt. Höfðu náin kynni tekist með þeim og Yngvi Örn haldið til hjá ákærðu, er hann var hér syðra, en ákærða var þá sest að á Skólavörðustíg 21 A. Hafði talast svo til, að þau tækju upp sambúð í íbúð, sem Yngvi Örn var að kaupa. Ekki kom þó til þess. Eftir að skilnaðarleyfið hafði verið veitt, leitaði Arelíus eftir því við ákærðu, að þau tækju upp sambúð að nýju, og fór svo, að ákærða lét til leiðast. Var það 30. desember sem hún skýrði Yngva Erni frá þessu, og fór hann þá frá ákærðu, og var sambandi þeirra þá lokið. Þjuggu þau ákærða og Arelíus síðan saman næstu vikur á Skólavörðustíg 21 A.

Í skýrslum, sem ákærða gaf við rannsókn málsins og hún hefur vísað til við meðferð máls þessa, eins og áður segir, kveður hún Arelíus hafa hinn 14. febrúar fengið greidda útborgun í íbúð, sem hann hafi verið að selja. Hann hafi viljað fara með ákærðu í búðir og kaupa á hana föt. Það hafi þau gert föstudaginn 17. febrúar, en út af kaupum þessum hafi risið ágreiningur milli þeirra og hafi sér sárnað mjög við Arelíus. Hafi komið til sennu milli þeirra á heimili þeirra, er lokið hafi þannig, að Arelíus hafi tekið sæng sína og föt og gengið burt. Næsta dag, laugardag, hafi hún farið með systur sinni og syni í bíó síðdegis og um kvöldið hafi þær systur farið saman í skemmtistaðinn Sigtún, og kveðst ákærða hafa neytt nokkurs áfengis áður. Segir hún sig hafa langað til þess að hitta Arelíus og leita eftir sáttum. Hvarf hún úr Sigtúni án þess að láta systur sína og fylginaut hennar vita og hélt í Klúbbinn í von um, að Arelíus væri þar, enda reyndist

það svo. Arelíus var þar á tali við stúlku. Ákærða tók hann tali, og fór svo, að þau urðu samferða heim á Skólavörðustíg. Þar segir ákærða, að Arelíus hafi háttað hana, en ekki gert sig líklegan til þess að gera slíkt hið sama, heldur gefið í skyn, að hann mundi leita á fund konu þeirrar, sem hann hafði verið á tali við í Klúbbnum. Ákærða kveðst hafa farið á fætur og brugðið sér í buxur og peysu og farið fram í eldhús. Arelíus hafi komið í eldhúsdýrnar. Þá hafi hún verið með hníf í hægri hendi. Hún hafi haldið honum þannig, að þegar hún kreppti handlegginn upp að öxlinni, hafi hnífurinn vitað fram á við og niður. Síðan kveðst hún muna, svo sem áður var lýst, að Arelíus hafi gripið í hönd henni og snúið upp á hana og næst muni hún, að hún sá blóð á skyrtu hans, og hnífurinn var blóðugur. Arelíus hafi nú gengið inn í stofudýrnar og stuðst við dyrakarminn. Ákærða kveðst hafa farið á eftir Arelíusi og tekið í hann eða ýtt við honum. Þá hafi hann fallið á stofugólfíð á bakið, en síðan velt sér á grúfu. Kveðst ákærða þá hafa kallað til Stefaníu Helgu, grannkonu sinnar, og beðið um hjálp.

Ákærða getur ekki sagt um, hvernig á því stendur, að tölur úr skyrtu Arelíusar voru á stofugólfinu, en þó tekið fram, að hún muni hafa gripið í skyrtu hans í fallinu.

Vitnið Stefanía Helga Skúladóttir segir, að hún og eiginmaður hennar hafi komið heim umrædda nótt um kl. 0115. Skömmu síðar hafi þau heyrt einhver læti úr íbúð ákærðu, en ekki skipt sér af þeim, fyrr en þau heyrðu, að ákærða kallaði eitthvað á þessa leið: „Stebba, Stebba, hann Ari er dáinn, ég stakk hann.“ Þau hafi þá farið yfir í íbúð ákærðu, sem verið hafi í miklu upp-námi og grátandi. Arelíus hafi legið á grúfu á stofugólfinu og ákærða hafi sagt, að hún hefði stungið hann með hnífi. Stefanía Helga fór síðan og hringdi eftir sjúkrabíl. Framburður Olgeirs Skúla Sverrissonar er á sama veg. Hann segir, að það hafi fyrst verið eftir að hringt hafi verið á sjúkrabíl, að ákærða áttaði sig á því, um hvað væri að ræða, og hún hafi komið sér fyrir sjónir eins og hún væri ekki með fullri rænu eða ráði.

Lögregluþjónar þeir, sem fyrstir komu á vettvang, voru þeir Eðvarð Skúlason og Þór Gunnlaugsson. Bera þeir báðir, að ákærða hafi sagt þeim, að hún hefði stungið manninn. Eðvarð segir, að hún hafi orðað það eitthvað á þá leið, að hún hefði stungið manninn, hún væri búin að fá nóg af þessu. Hún hafi einnig sagt á þessa leið: „Þú veist ekki, hvað á undan er gengið, þú skilur þetta víst ekki.“

Vitnið Edda Lára Guðgeirsdóttir, hálf systir ákærðu, staðfestir, að þær hafi hist á laugardag og farið saman í bíó með börn sín. Þær hafi hitt Arelíus af hendingu á Hverfisgötu og hann viljað fá drenginn með sér, en ákærða ekki samþykkt það og hafi síðan skilið með þeim. Um kvöldið hafi þau síðan farið saman á dansleik í Sigtúni, ákærða, Edda Lára og kunningi hennar, Friðrik Þorsteinsson úr Vestmannaeyjum. Þar hafi þau svo misst af ákærðu og ekki vitað, hvað um hana varð.

Ferill Arelíusar, frá því hann fór að heiman frá ákærðu á föstudagskvöld, verður rakinn að mestu af gögnum málsins. Á föstudagskvöldið hitti Arelíus A, . . ., en hana þekkti Arelíus og hafði átt vingott við hana. Þau hittust í gleðskap og fóru saman heim til A, og þar var Arelíus um nóttina. Um morguninn hringdi Arelíus til kunningja síns, Kristófers Einarssonar, Bústaðavegi 71, og bað hann sækja sig, og gerði Kristófer það. Fóru þeir saman heim til Kristófers, þar sem þeir snæddu. Síðdegis fóru þeir í bíó saman og hittu áður ákærðu á Hverfisgötu, þar sem hún var með son þeirra Arelíusar, og vildi hann fá drenginn með sér, en ákærða vildi ekki samþykkja það. Eftir bíósýningu, um kl. 1900, fór Kristófer með Arelíus heim til bróður hans, Víkinga Viggóssonar, Háagerði 71, og skildi þar við hann. Arelíus borðaði hjá Víkingi, sem ók honum síðan til kunningja hans, Jóns Bergs Gissurarson, Grundargerði 11, þar sem hann staðnæmdist lítið. Síðan ók Víkingur Arelíusi heim til A, þar sem hann skrapp inn, þá suður í Kópavog, en síðan heim til Jóns Bergs, og skildi Víkingur þar við Arelíus. Jón Bergur ók Arelíusi niður á Bjarnarstíg, og fór Arelíus þar inn með sængurföt, sem hann hafði sótt suður í Kópavog. Síðan var farið heim til Jóns Bergs, og drukku þar báðir eina blöndu af áfengi. Þeir fóru svo saman upp í Breiðholt til A og stönsuðu þar litla hríð og síðan á ný heim til Jóns Bergs. Tóku þeir þar til við drykkju og fóru síðan saman í Klúbbinn. Samkvæmt vætti Jóns Bergs hitti Arelíus þar stúlku, er hann dansaði við, og skildi þarna með þeim félögum, og vissi Jón Bergur ekki um ferðir Arelíusar og sá ákærðu aldrei í Klúbbnum.

3. Við rannsókn máls þessa var aflað margra gagna um samband ákærðu og Arelíusar og sambúðarhætti þeirra. Verða nú gögn þau, sem fram hafa verið færð í málinu um þetta efni, rakinn í aðalatriðum og þá fyrst framburður vitna.

Vitnið Sigurður Frímann Þorvaldsson, Reynihvammi 34, Kópavogi, fæddur 1950, var vinnufélagi Arelíusar um skeið á árinu 1977. Hann kom stundum heim til hans og ákærðu, og varð þess

ekki var, að þau rifust né að Arelíus legði á hana hendur. Hins vegar hafi Arelíus sagt frá því, að sambúð þeirra væri ómöguleg og þau væru sífellt að rifast, en stundum skiptust þau þó ekki á orðum dögum saman. Hann hafi einnig sagt frá því, að hann hefði einu sinni misst stjórn á sér og slegið hana. Þá segir Sigurður Frímann, að Arelíusi hafi orðið tíðrætt um kvennafar sitt, m. a. að hann héldi við stúlkur, sem hann hefði fengið til að gæta barna fyrir sig.

Vitnið B, . . ., fædd 1960, segir að ákærða og Arelíus hafi fyrir nokkrum árum búið í sama húsi og hún á . . . götu . . . Frá þeim tíma segist hún minnst eins atviks. Ákærða hafði fengið hana til þess að gæta sonar hennar, er ákærða og Arelíus ætluðu á ball. Þá hafi komið til orðasennu milli þeirra og ákærða fengið móðursýkiskast og ráðist að Arelíusi og slegið hann, en hann varist án þess að slá hana. Sama kvöld hafi hún séð, að ákærða otaði skærum að Arelíusi. B segir, að þau Arelíus hafi verið mjög góðir vinir og hann margsinnis sagt henni, að þau ákærða ættu ekki skap saman, og hafi hann viljað, að þau (þ. e. hann og B) **tækju upp sambúð, en ekki hafi þó komið til þess.** Laugardaginn 18. febrúar hafi hann hringt til hennar og viljað fá að vera hjá henni um nóttina, en hún hafi þá haft gesti og ekkert orðið úr þessu.

Vitnið Kristófer Einarsson kveðst hafa þekkt Arelíus frá barnæsku og hann hafi oft rætt um vandamál sín og samskipti við ákærðu. Telur Kristófer, að þau hafi ekki átt skap saman og sambúð þeirra verið róstusöm.

Vitnið D, fædd 1956, hveðst hafa kynnst Arelíusi í ágúst 1977 á dansleik. Þau hafi verið nokkuð saman um mánaðarskeið, en þá hafi slitnað upp úr kunningsskap þeirra. D, segir, að Arelíus hafi verið mjög opinskár og m. a. rætt um sambúð sína og ákærðu. Hafi hann sagt frá því, að hann hefði lamið hana, eftir að hún hefði verið búin að slá börnin. D þekkir ákærðu ekki nema af sögusögn Arelíusar.

Vitnið Kristín Einarasdóttir, Hraunbæ 136, fædd 1952, hefur verið kunnug þeim Arelíusi og ákærðu. Hún segist hafa kunnað vel við Arelíus og ekki hafa heyrt hann vera með nein ónot við ákærðu, en þó hafi hún orðið þess vör, að sambúð þeirra hafi verið stirð, og einhverju sinni hafi ákærða sagt henni, að Arelíus hefði leikið hana mjög grátt og þá orðið að flytja hana í slysa-deild.

Vitnið Sigrún Guðgeirsdóttir, hálf systir ákærðu, fædd 1953,

telur, að Arelíus hafi komið mjög illa fram við ákærðu og að hann hafi margsinnis misþyrmt henni. Hún kveðst einu sinni hafa hitt svo á, er hún kom heim til ákærðu og Arelíusar, að þau voru í átökum og hafi Arelíus þá slegið ákærðu tvisvar. Sigrún telur, að Arelíus hafi verið ónýtur að bjarga sér og legið upp á ákærðu með mat og annað.

Vitnið Margrét Emília Kristjánsdóttir, Birkigrund 47, Kópavogi, fædd 1943, hefur þekkt ákærðu mörg ár. Hún segir, að þær hafi hist alloft, meðan Arelíus og ákærða bjuggu saman. Ákærða hafi verið fátöluð um sambúð þeirra að fyrri bragði. Margrét segist hafa tekið eftir því, að ákærða var oft með marbletti, bæði á handleggjum og í andliti, einnig man hún eftir ákærðu með sauma í vörum. Margrét hafi spurt hana, hvernig á þessu stæði, og ákærða farið í fyrstu undan í flæmingi og borið ýmsu við. Svo hafi hún einhverju sinni komið og þá verið í miklum æsingi og þá sagt, að allir áverkar, sem Margrét hefði séð á henni, væru af völdum Arelíusar. Sagði hún, að Arelíus legði á hana hendur án nokkurs tilefnis og mætti ekki orðinu halla. Sjálf kveðst Margrét ekki hafa séð Arelíus leggja hendur á ákærðu, en þó hafi hún einu sinni séð hann gera sig líklegan til þess, er þau hafi lent í rifrildi saman utan við skemmtistað. Segir Margrét, að þá nótt hafi ákærða komið heim til hennar með henni og fengið gistingu. Þá segir Margrét, að ákærða hafi einhverju sinni komið til hennar með börnin og fengið að vera hjá henni þrjár nætur, en tilgreint þá ástæðu, að kalt væri í íbúðinni. Margrét hefur það eftir ákærðu, að afkoma þeirra hafi verið mjög léleg, meðan þau bjuggu saman í Blönduhlíðinni, en þá hafi Arelíus unnið mjög stopult.

Vitnið Hulda Eygló Karlsdóttir, Mávahlíð 43, fædd 1951, hefur þekkt ákærðu mörg ár. Hún segir þær hafa hist alloft, meðan ákærða bjó í Blönduhlíð 24, og komið heim til hennar, en þó ekki kynnst Arelíusi neitt. Hulda segir, að ákærða hafi einhverju sinni komið heim til hennar og verið óróleg og kvíðin og beðið hana að koma heim með sér. Kveðst Hulda Eygló hafa verið treg til þess fyrst. Ákærða hafi verið með trefil fyrir vitum sér og er hún hafi tekið hann frá, hafi sést, að sprungið var fyrir á vörum. Þar sem Hulda Eygló sá, að ákærðu leið illa, fór hún heim með henni. Ákærða sagði henni þá ýmislegt frá högum sínum og vandamálum í sambandi við sambúðina við Arelíus, og sagði hún áverkana vera af hans völdum. Hafi hún einnig verið að tala um að fara frá Arelíusi.

Vitnið Ingibjörg Þóra Hallgrímsson, Bræðraborgarstíg 15, fædd 1952, hefur þekkt ákærðu síðan 1973 og hafði nokkurt samband við hana, meðan hún bjó með Arelíusi. Um sambúðarhætti þeirra ber Ingibjörg aðallega eftir því, sem ákærða hefur sagt henni. Hún minnst þess, að ákærða hafi sagt henni, að þó nokkrum sinnum hefði Arelíus lagt á hana hendur og hún hlotið skrámur eða marbletti. Ingibjörg segir, að sunnudaginn 12. febrúar hafi ákærða komið til hennar og þá borið marbletti á handleggjum og kinn og sagt þá vera af völdum Arelíusar. Þær töluðu einnig saman næstu daga, og segir Ingibjörg, að ákærða hafi þá rætt um samband þeirra Arelíusar og að því yrði að ljúka og að hún væri hrædd við hann, enda legði hann oft á hana hendur.

Vitnið Ástríður Guðbjörg Jóhannesdóttir, Bogahlíð 12, fædd 1955, hefur þekkt ákærðu nokkuð, síðan þær unnu saman fyrir nokkrum árum. Ástríður kveðst tvisvar hafa gætt barna fyrir ákærðu, er þau Arelíus fóru út. Í annað skiptið hafi ekkert sögulegt gerst, en í hitt skiptið hafi þau ákærða og Arelíus komið heim ölvuð og höfðu þá verið á balli. Þeim hafi þá orðið sundurorða og Arelíus átt frumkvæði að því. Hann hafi kallað ákærðu ónefnunum, svo sem hóru eða mellu, og einnig lagt hendur á hana og hent henni loks inn í herbergi. Kveðst Ástríður þá hafa komið sér á burt, en Arelíus hafi verið mjög æstur og ekki tekið neitt tillit til þess, að hún var þarna.

Samkvæmt lögregluskýrslu komu ákærða og Arelíus í lögreglustöðina við Hverfisgötu kl. 0210 aðfaranótt 11. febrúar sl. í fylgd með Guðjóni Bjarnasyni, bónda í Selholti í Mosfellssveit, en Guðjón kvaðst hafa komið að þeim skammt frá Klúbbnum og maðurinn sennilega lagt hendur á ákærðu. Í lögregluskýrslu er ákærða talin alldrukkin, en fámál um sína hagi. Haft er eftir henni, að þau Arelíus hafi orðið ósátt og lent í handalögmáli. Um Arelíus segir í skýrslunni, að hann virðist ekki mjög drukinn, en hortugur og í uppnámi. Lögregluþjónar voru sendir með þau ákærðu og Arelíus og ákærða flutt heim á Skólavörðustíg, en Arelíus hafi leitað gistingar hjá bróður sínum í Háagerði.

Guðjón Bjarnason hefur borið vitni um atvik það, sem hér er um að ræða. Hann kveðst hafa verið á gangi frá Klúbbnum, er hann hafi séð karlmann vera að misþyrma konu hinum megin götunnar. Maðurinn hafi haldið í hár konunnar og ýmist slengt henni í götuna eða dregið hana upp aftur. Hafi aðfarir þessar verið mjög ruddalegar, og kveðst Guðjón því hafa farið að skakka leikinn og spurt manninn, hvað hann væri að gera. Maðurinn

hafi ansað, að Guðjóni kæmi það ekki við, en sleppt samt konunni. Konan hafi verið yfirkomin af hræðslu og haldið dauðahaldi í hann (Guðjón) og beðið hann koma með sér á lögreglustöðina. Það hafi svo orðið úr, að hann hafi gengið áfram vestur Borgartún með konunni og farið með hana á lögreglustöðina og maðurinn hafi fylgst með þeim þangað. Þar hafi þau orðið eftir. Að skilnaði hafi konan þakkað honum hjálpina með tárin í augunum.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá slysadeild Borgarspítala, og segir þar, að lögregluþjónar hafi komið með ákærðu í slysadeildina kl. 0330 aðfaranótt 16. febrúar 1976 og hún verið með marbletti á enni og blóðsvepp í hnakkanum, enn fremur með gat í gegnum neðri vörina, vinstra megin við miðlínu, og gapandi sprungu innan á vörinni miðri. Í vottorðinu er haft eftir ákærðu, að sambylismaður hennar hafi barið hana, m. a. með flösku. Eftir lögreglumönnunum er einnig haft að ákærða hafi sætt misþyrmingum af hendi sambylismanns síns og að ástandið á heimili þeirra hafi verið næsta ömurlegt.

Í skýrslu, sem ákærða gaf rannsóknarlögreglunni 22. febrúar, rekur hún sambúð sína við Arelíus, og af frásögn þeirri kemur fram, að sambúðin hafi einatt verið róstusöm og þau hafi oft rifist og Arelíus lagt á hana hendur. Tilgreinir ákærða þar atvik frá því þau bjuggu í Blönduhlíð, þegar greinir hafi orðið með þeim einhverju sinni, er þau höfðu ákveðið að fara út að skemmta sér. Þá hafi Arelíus lamið hana svo, að hún hafi flúið í næstu íbúð og hringt til lögreglunnar. Lögregluþjónar hafi komið, en ekkert hafst að, og eftir að þeir fóru hafi Arelíus ráðist að henni, barið hana, slitið utan af henni fötin og nauðgað henni. Kveðst ákærða hafa farið frá Arelíusi næsta mánudag, en hann brátt haft upp á henni og fengið hana heim með sér aftur.

Þá lýsir ákærða atvikinu, er ætla má, að standi í sambandi við vottorð slysadeildar varðandi 16. febrúar 1976, er áður var lýst. Þau hafi verið úti að skemmta sér kvöld eitt, hvort á sínum stað, og er þau voru bæði komin heim hafi Arelíus barið hana og hrundið henni á vegg og á skáp, einnig elt hana inn í eldhús og þá brotið flösku á höfði hennar. Hann hafi svo farið með hana inn í svefnherbergi, marglamið hana þar, rifið klæði hennar og ætlað að taka hana nauðuga, en þá hafi lögregluþjónar, sem einhver í húsinu hafði kallað á, kvatt dyra. Þá hafi lögregluþjónarnir flutt hana í slysadeild.

Þá lýsir ákærða atvikinu aðfaranótt 11. febrúar sl., sbr. vætti Guðjóns Bjarnasonar hér að framan. Arelíus hafi þá barið hana

hvað eftir annað og dregið hana upp á hárinu. Þá segir ákærða, að síðar um nóttina, eftir að hún var orðin ein heima, hafi Arelíus komið þangað aftur, brotið rúðu í útidyrhurð og komist einhvern veginn inn. Þá hafi verið hringt til lögreglu, en hún neitað að sinna þessu. Í þetta sinn kveður ákærða Arelíus hafa borið sig illa og hún aumkast yfir hann, bundið sár, er hann hafði fengið á fingur, og leyft honum svo að vera.

4. Dr. Lárus Helgason læknir rannsakaði geðhagi ákærðu að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins, og er meðal gagna málsins rækileg skýrsla hans um rannsóknina. Skýrslunni lýkur með svofelldri ályktun:

„Hér er um að ræða 25 ára gamla konu, er ólst upp hjá móður og stjúpa. Hún naut öryggis og hlýju, einkum hjá móðurömmu og síðar í samvistum við tvo menn. Hún rauf tengsl við þá menn og virtist ekki geta þolað tilbreytingarleysi það, sem af samvistum við þá hlotnaðist. Hún ann móður sinni, þrátt fyrir vissa árekstra, einkum á yngri árum. Til hennar og stjúpa síns hefur Jenný leitað í vandkvæðum sínum, einkum hvað varðar aðstoð með börnin.

Samskipti hennar við Arelíus voru óeðlileg, en virtust svala vissum þörfum, s. s. sjálfsmeiðandi (masochistiskum) þörfum og skapa útrás fyrir mun sterkari tilbrigði á tilfinningasviði. Þetta ófullkomna samband varð hins vegar smám saman að böli, sem hvorki hún né Arelíus fundu neina lausn á. Vonbrigði, beiskja og sársauki af því að vera hafnað, samfara verulegri skerðingu á sjálfsstjórn vegna mikils vínagns, stuðluðu að óyfirvegaðri aðgerð, er leiddi til manndráps. Hún er ekki geðveik eða vanviti eða með heilaskemmd og telst því sakhæf. Hún hefur hins vegar væga persónuleikatrufun, og er ástæða til þess að ætla, að hún muni komast yfir þær truflanir síðar með vaxandi þroska og reynslu. Engra læknisaðgerða er þörf gagnvart truflunum þessum.

Hugsanlegt er, að langvinn fangelsisvist með tilsvarende einangrun geti haft skaðleg áhrif þannig, að hinn sjálfsrefsandi þáttur viðhaldist og tefji fyrir þroska hennar í þá átt að geta náð þroskaðri og varanlegri geðtengslum.“

Ákærða hefur aldrei verið saksótt fyrir neins konar lagabrot. Álit dómsins.

Sannað þykir með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að ákærða hafi orðið Arelíusi Viggóssyni að bana með hnífstungu í brjóst. Telja verður, að ákærða hafi ekki fyrirfram búið yfir

neinum áformum um að ráða Arelíus af dögum, heldur hafi hún unnið verkið óyfirvegað. Ákærða lagði Arelíus hnífi í hjartastað og hlaut að vera ljóst, að slík atлага mundi sennilega leiða til dauða. Ber að meta verknað hennar ásetningsverk, er varði við 211. gr. alm. hegningarlaga.

Af þeim gögnum um sambúðarferil ákærðu og Arelíusar, sem komið hafa fram í málinu, er ljóst, að samlíf þeirra var stormasamt og einkenndist af tilfinningalegu ójafnvægi. Hvorugu þeirra verður einu um það kennt, en hafa verður í huga, að gögn málsins benda til þess, að Arelíus hafi misboðið ákærðu á ýmsan hátt, jafnvel misþyrmt henni. Verður að gera ráð fyrir, að ákærða hafi unnið verkið í ákafri geðshræringu og óyfirvegað, eða eins og dr. Lárus Helgason segir í skýrslu sinni: „Langvinn sársauka-full samskipti, full biturleika og vonbrigða, lyktuðu með örvæntingu.“ Ber þannig að hafa hliðsjón af 75. gr. alm. hegningarlaga, er meta skal viðurlög fyrir brot ákærðu.

Ákærða iðraðist verkisins þegar og kallaði á hjálp og leitaðist þannig við að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar af verkinu. Hún hefur játað brot sitt hreinskilnislega og í engu reynt að draga úr ábyrgð sinni á því. Þykir þannig eiga að líta til 8. og 9. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga við refsimat.

Samkvæmt þessu verður refsing ákærðu ákveðin fangelsi 5 ár. Ákærða sætti gæsluvarðhaldi 31 dag (19. febrúar til 22. mars), og er skv. 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hennar.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögsmanns, 200.000 kr., og málssóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Mál þetta dæma þrír sakadómarar eftir ákvörðun yfirsakadómara skv. 3. mgr. 5. gr. laga 74/1974.

Dómsorð:

Ákærða, Jenný Kristín Grettisdóttir, sæti fangelsi 5 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hennar, 31 dag.

Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar með talin máls-sóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 kr., og málsvarnarlaun skip-

aðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 kr.

Föstudaginn 2. maí 1980.

Nr. 171/1977. **Haukur Sveinsson**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

rikissaksóknara og fjármálaráðherra

f. h. rikissjóðs og

(Benedikt Blöndal hrl.)

rikissaksóknari og fjármálaráðherra

f. h. rikissjóðs

gegn

Hauki Sveinssyni og

Loga Guðbrandssyni hæstaréttarlögmanni

(sjálfur).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Sýkna. Lögmannslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. september 1977. Hefur hann gert þessar dómkröfur:

„Að gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda kr. 3.800.000 með 9% ársvöxtum frá 25. október 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um máls-